



SUÐURNESJABÆR

SAMÞYKKT

Um búfjárhald í Suðurnesjabæ

1. gr.

Markmið, gildissvið og umsjón

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag og stjórnun búfjárhalds, vörslu gripa og handsömun þeirra í samræmi við ákvæði laga um búfjárhald nr. 38/2013, laga um velferð dýra nr. 55/2013, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir íbúa og vernda gróður í sveitarfélaginu og 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélög í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í þessari samþykkt er með búfjárhaldi átt við nautgripa-, hrossa-, svína-, sauðfjár-, geita, loðdýrahald, kanínur og alífugla, sbr. lög nr. 38/2013 um búfjárhald og nær samþykktin einnig til reglugerða er snúa að viðkomandi dýrategundum.

Samþykkt þessi tekur til þéttbýlis í Suðurnesjabæ, þ.e. þéttbýliskjarnanna Garðs og Sandgerðis og kemur afmörkun fram í meðfylgjandi fylgiskjöllum, sjá mynd 1 og mynd 2.

Framkvæmda-og skipulagsráð fer með framkvæmd þessarar samþykktar í umboði bæjarstjórnar og felur skipulags-og umhverfissviði að vinna samkvæmt henni, að svo miklu leyti sem hún sé ekki falin öðrum samkvæmt lögum.

Með umráðamanni búfjár í samþykkt þessari er átt við eiganda búfjár eða aðila sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við samþykkt þessa eða samkvæmt samningi milli aðila, sbr. 9. tölul. 3. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

2. gr.

Takmörkun á búfjárhaldi

Búfjárhald er óheimil í þéttbýli í Suðurnesjabæ, eins og það er afmarkað samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins, með eftirfarandi undantekningum.

- a. Unnt er að sækja um leyfi skv. 3. gr. til búfjárhalds fyrir ákveðnar tegundir búfjár, svo sem fyrir hænsni og kanínur. Heimildin nær til þess að hafa að jafnaði allt að 10 hænsni og séu í öruggu aðhaldi. Hanar eru með öllu bannaðir í þéttbýli í sveitarfélaginu. Einnig er heimilt að hafa allt að 5 kanínur yngri en 12 mánaða, í öruggu aðhaldi. Sveitarfélagið getur veitt sérstaka heimild í öðrum tilvikum að gættu jafnræði og gagnsæi.
- b. Unnt er að sækja um leyfi skv. 3. gr. til búfjárhalds, án þeirra takmarkana sem getið er í a-lið, á þeim svæðum innan þéttbýlis sem tilgreind eru í meðfylgjandi fylgiskjali (Fylgiskjal,

afmörkun II). Svæðin sem um ræðir markast af svæðum sem í skipulagi eru skilgreind sem opin svæði með hverfisvernd að hluta og ekki eru áform um þéttingu byggðar.

Lausaganga búfjár er í öllum tilvikum óheimil í þéttbýli í Suðurnesjabæ.

3. gr.

Umsókn og skilyrði leyfis

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds innan þéttbýlis Suðurnesjabæjar, sbr. 2. gr., skal senda um það umsókn á þartilgert eyðublað til skipulags- og umhverfissviðs.

Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjár, tegund þess, hvaða húsnæði sé til umráða og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Leyfi skal einungis veitt þeim sem getur tryggt öruggar vörslur búfjárins allan ársins hring, í viðunandi beitalandi og gripahúsum og innan gripheldrar girðingar. Umráðamaður skal hafa tilkynnt um búfjárhald til matvælastofnunar, ef um tilkynningaskyldt dýrahald er að ræða sbr. ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra, og uppfylla kröfur laga nr. 38/2013 um búfjárhald og laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerða setta á grundvelli laganna. [Hér mætti tilgreina hvaða gögn eru áskilin].

Telji Suðurnesjabær að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er, skal Suðurnesjabær veita leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Heimilt er að veita leyfi til allt að fimm ára í senn. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert.

Óski leyfishafi búfjár eftir því að halda annan búfénað en þann sem um getur í leyfisbréfi, fjölga búfénaði eða óska eftir yfirtöku búfjárhalds sem leyfi hefur verið veitt fyrir, skal sótt um nýtt leyfi.

4. gr.

Handsömun búfjár og kostnaður

Berist Suðurnesjabæ tilkynning um lausagöngu búfjár eða verður þess áskynja hefur Suðurnesjabær forgöngu um að láta handsama ágangsgripi.

Sveitarfélagið telst umráðamaður þess búfénaðar sem það handsamar og skal búfénaður því vera í umsjón sveitarfélagsins þar til umráðamaður vitjar þess.

Ef umráðamaður vitjar ekki fénaðar innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa búfénaði til nýs eiganda, selja þau gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

Suðurnesjabæ er heimilt að innheimta kostnað vegna handsömunar búfjár af umsjónarmanni búfjár samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Er sá kostnaður tryggður með lögveði í búfénu.

5. gr.

Eftirlit og viðurlög

Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum um búfjárhald nr. 38/2013 eða samþykkt þessari, má svipta hann leyfi til búfjárhalds með fjögurra vikna fyrirvara.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi ef þau eru framin af ásetningi. Brot á samþykkt þessari fara eftir lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 14. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

6. gr.
Gildistaka

Samþykkt þessi, sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar 3. maí 2023, staðfestist hér með samkvæmt 4. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði til leyfisveitingar skulu sækja um leyfi til búfjárhalds hjá Suðurnesjabæ innan 12 mánaða frá gildistöku samþykktarinnar.

F.h. Suðurnesjabæjar, 12. júní 2023

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri






Afmörkun búfjárheimildar í Garði

Afmörkun þéttbýlis skv. nýju aðalskipulagi

Búfjárhald í þéttbýli heimilt

Byggt á gögnum frá Verkis og Suðurnesjabæ



25. apríl 2023



Afmörkun búfjárheimildar í Sandgerði


 Afmörkun þéttbýlis skv. nýju aðalskipulagi

 Búfjárhald í þéttbýli heimilt

Byggt á gögnum frá Verkis og Suðurnesjabæ



0 100 200 300 m



25. apríl 2023

